



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Reykjanesbær
Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri
Tjarnargötu 12
230 Keflavík

irn@irn.is
545 8200

Sölvhólsgötu 7,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavík 08. apríl 2022
Tilv.: IRN22011057/4.11.4

Efni: Heimild til eftirgjafar á kröfu á Reykjaneshöfn.

Með bréfi, dags. 13 desember 2021, var óskað eftir því að ráðherra veitti bæjarstjórn Reykjanesbæjar heimild til að gefa eftir kröfu bæjarsjóðs á Reykjaneshöfn að fjárhæð 3.073 m.kr. Byggist beiðnin á 3. mgr. 18. gr. hafnalaga, nr. 61/2003, þar sem segir að rekstrarformi hafnar skuli breytt í höfn í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar þegar hún hefur haft neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár í röð að teknu tilliti til vaxta, en fyrir afskriftir. Sveitarstjórn sé þó heimilt með samþykki innviðaráðherra að veita aukið fjármagn til hafnar til þess að bæta eiginfjárstöðu hennar. Í athugasemdum við frumvarp laganna segir um seinni málslið ákvæðisins að ef hallarekstur hafnar er vegna óreglulegrar skuldasöfnunar eða tímabundins aflabrests gefist eigendum hafnar, með samþykki ráðherra, tækifæri til að leggja fram fé til þess að grynnka á skuldum þannig að rekstrargrundvöllur skapist. Gert sé ráð fyrir að þessari heimild verði aðeins beitt í undantekningartilvikum.

Í erindinu er rakið hvernig Reykjaneshöfn hefur á undanfönum árum gengið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu með endurfjármögnun og sölu eigna. Eftir standi krafa bæjarsjóðs á höfnina sem komið hafi til vegna uppbyggingar við Helguvíkurhöfn. Hafi forsenda þeirra framkvæmda verið sú að búið var að gera samninga bæði um kísliver og álver á þeim grunni að höfnin væri í samkeppnisrekstri. Ljóst sé nú að ekki fáist tekjur vegna þessara samninga í framtíðarrekstur hafnarinnar og því muni hún ekki hafa bolmagn til að greiða umrædda skuld sína við bæjarsjóð Reykjaneshæjar. Eftirgjöf kröfunnar muni styrkja rekstrarhæfi og eiginfjárstöðu hafnarinnar og auka líkur á sjálfbærum rekstri hennar.

Að lokinni athugun á erindinu og viðbótargögnum sem bárust ráðuneytinu 18., 23. og 24. mars sl. er það mat ráðuneytisins að skuldirnar, sem um ræðir, teljist vera vegna óreglulegrar skuldasöfnunar. Er bæjarstjórn Reykjaneshæjar því hér með veitt heimild til að gefa eftir kröfu á Reykjaneshöfn að fjárhæð 3.073. m.kr. með vísan til 2. másl. 3. mgr. 18. gr. hafnalaga, nr. 61/2003.

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Hjaltadóttir

Ólafur Kr. Hjörleifsson